



Karlavæðing kvennabaráttunnar?

Um karla í jafnréttisbaráttu

Arnar Gíslason & Þorgerður Einarsdóttir

Jafnréttissjóður 24. október 2014



Um verkefnið

- Styrkt af Jafnréttissjóði og Rannsóknasjóði HÍ
- Karlar á vettvangi jafnréttismála og eftirspurn eftir (aukinni) þátttöku karla
- Hugmyndir um hlutverk karla á vettvangi
- Hefur aukin aðkoma karla áhrif á aðferðir, áherslur og menningu á vettvangi?
- Þróun frá kvennabaráttu til jafnréttisbaráttu/jafnréttisstarfs, og með aukinni formfestingu jafnréttisstarfs („stofnanavæðing femínisma“)
- Fleiri sambærileg verkefni í gangi



Þátttakendur

- Eigindleg viðtöl – 5 karlar og 4 konur í fyrstu lotu, frá tæplega þrítugu til rúmlega sextugs
- Öll tengst eða tekið þátt á vettvangi jafnréttismála (m.a. í grasrótarstarfi, opinberu jafnréttisstarfi, fræðastarfi), sum í marga áratugi (um 1970 eða síðar) en önnur í skemmri tíma (<5 ár)
- Viðmælendur valdir m.t.t. til ákveðinna forsenda, en stundum með „snjóboltaúrtaki“ (einkum karlar sem voru á vettvangi fyrir nokkrum áratugum)



Skiptir máli að karlar taki þátt í jafnréttismálum?

- Fólk sammála um að þátttaka karla skipti máli
- En hvaða karlar, og á hvaða forsendum?
- Hlutverk karla á þessum vettvangi
- Stuðningur eða bein þátttaka?

„... ég myndi ekkert vilja hvaða karl sem er skilurðu það er ákall á karla inn í jafnréttisbaráttuna og ég persónulega segi þú veist jú ef þú ert með hugsjónina og þú ert með þessa sýn og þú ert með það er mikilvægt en einhver svona bara hvaða einstaklingur sem er æ ég veit ekki.“ (KVK)



Meðbyr karla

... ég tók alveg eftir því eða mér fannst ég allavega taka eftir því hérna að mér fannst fólk sérstaklega eða kannski þegar á leið fólk almennt hafa jákvæðari hvað segir maður, afstöðu til þeirra karlanna í femínistafélaginu heldur en kvenna... ég heyrði alveg þú veist „*já femínistafélagið er þarna í rugli nema þarna karlahópurinn*“... ég held bara að eins og með svo margt annað að þá hafi karlar oft ákveðinn meðbyr... (KVK)



Meðbyr karla

- Ekki merki um sérstakan mótvind eða hindranir
- Dæmi um meðbyr nefnd af bæði körlum og konum
- Starfsframi og tækifæri
- „Stjarnan“ (KVK)

„... karlmenn verða sko dálítið einstaklingar nöfn númer skilurðu á meðan konurnar eru sko dálítið þú veist þessi svona nafnlausir hópur...“ (KVK)



„Allur pakkinn“

Og við sitjum þarna einhverjir fjórir, fimm karlar, allir bara þú veist „hómógen“, þú veist allir í gráum jakkafötum, og erum að tala um semsagt mikilvægi þess að fá karla inn í, iii, jafnréttismálin. Og ráðstefnan, þú veist, hún, hún gengur fyrir sig með svona, týpískum þemum, þú veist: Umönnun, karlar og heilsa, þú veist, allur pakkinn. Og, og þú veist, og ég segi allur pakkinn – en nei, það var ekki allur pakkinn... Hann var keyptur inn, dýr fyrirlesari, eh, átti að tala á vissu "topic-i"... hann ætlaði líka að tengja það við klámnotkun drengja. Og svo kemur bara, uh, svar... „*Það gengur ekki, því miður.*“ Á ráðstefnu um karla og jafnrétti. [...] [R]estin af deginum þá var ég svona að velta þessu fyrir mér og, og, og, og reyna að tengja þetta við fleiri mál. Þarna var ekki fjallað um vændi, mansal... vegna þess að það var ekki á dagskrá. [...] Uh, en, það er allt í lagi fyrir alla þessa karla að hittast í gráu jakkafötunum sínum og tala um semsagt mikilvægi þess að stytta vinnuvikuna og þú veist, að karlar fari til læknis og, og karlar séu svo „burdened“ af herna, af amstri vinnu og, og, og pressu og, og guð má vita hvað. [...] [Þ]að er augljóslega mikilvægt að fá karla inn í málaflokkinn, en það er ekki nauðsynlegt að fá karla inn í málaflokkinn á sko, á forsendum karla... [og] það er ekkert gagn að því að fá karla inn í málaflokkinn ef að þeir ætla ekki að, að taka á móti öllum málaflokknum. (KK)